Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

14. tölublað | Þriðjudagur 10. apríl 1979 | 8. árgangur | Verð kr. 150,-

Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Ráðherrar Alþýðubandalagsins:
Að halda eða sleppa stólunum

Ríkisstjórnarseta Alþýðubanda lagsins hefur einkennst af tilraunum ráðherra þess til að fela þátttöku sína í því kjararáni og samningsrofi sem verkafólk og vinnandi alþýða hefur þurft að þola undanfarin misseri. Þeir hafa jafnvel gengið svo langt í þessum sýndarleik að setja ríkisstjórnarstólana að veði sé kjara ránsaðferðin þeim ekki að skapi

Þegar Ólafur Jóhannesson lagði fram efnahagsfrumvarp sitt, skorti ekki stórar yfirlýsingar og hneykslan af hálfu Alþýðubandalagsins. Það hefur hins vegar komið í ljós að þessum sömu mönnum hefur ekki reynst erfitt að kyngja frumvarpinu með dyggri aðstoð Guðmundar J og skoðanabræðra hans í forystu ASÍ og BSRB.

En var verkafólkið spurt um álit sitt á því að höfuðvopnið í "baráttunni gegn verðbólgunni" ætti að vera skerðing lífskjaranna? Að sönnu hefur það ekki verið gert eftir að ríkisstjórnin var mynduð. Hins vegar tjáði verkafólk skýrt afstöðu sína í síðustu kosningum og samkvæmt túlkun Alþýðubandalagsins sjálfs "refsaði verkafólk kaupránsflokkunum" í þessum kosningum. En um leið og þessir sömu herrar eru sestir í ríkisstjórnarstólana, reynist þeim létt að gleyma og að svíkja það traust sem verkalýðurinn hafði á glamuryrðum þeirra.

Samkvæmt hinum nýsamþykktu efnahagslögum sem samþykkt voru á Alþingi 7. apríl sl. er kjararánið staðfest. Lagasetning þessi gengur endanlega á bak loforða hinna svokölluðu "verkalýðsflokka" um að setja samningana í gildi. Nú er því slegið upp í Þjóðviljanum: "Lág. laun varin í 6 mánuði", og að nú beri að snúa sér frá mögröfunum og hætta skæklatoginu um efnahagsmálin. Nú á að "snúa sér að vorverkunum". Alþýðu bandalagsráðherrarnir hafa því ákveðið að halda hvað fastast í stólana hvað...


Verkalýðsforingjar sem heimta kjaraskerðingu.

framhald á síðu 2

Ríkisvaldið, VSÍ og kjararánin

Kyndug yfirlýsing var samþykkt á framkvæmdarstjórnarfundi Vinnuveitendasambandsins í sl. viku. Atvinnurekendur lýsa því yfir "að VSÍ telur ógerlegt að setjast að samningaborði um kaup og kjör eftir að höfuðþættir kjarasamninga, grunnlaun og verðbætur, hafa verið ákveðnir með lögum".

VSÍ telur raunhæft markmið hjá ríkisstjórninni að ekki komi til almennra grunnlauna á þessu ári og lýsir því yfir "að það getur ekki að svo stöddu tekið þátt í viðræðum við samtök launþega eða einstök verkalýðsfélög um neins konar hækkun launa eða launakostnaðar".

Hlutur ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin sem nú stitur og fyrirrennari hennar hafa gerst framverðir atvinnurekenda í því að skerða kjör og réttindi launþega. Þær hafa með lagaboðum þverbrotið samningsrétt stéttarfélaganna í samráði við sviksama verkalýðsleiðtoga og atvinnurekendur. Í stað þessara svikráða sem launafólk er beitt hefur aðeins óuppfylltum loforðum og óljósum hugmyndum verið teflt fram til úrbóta.

Samstarfsaðilunum, ríkisstjórninni, verkalýðsforingjunum og atvinnurekendum hefur tekist að halda aftur af baráttu alþýðusamtakanna fyrir sjálfsögðum réttindum þeirra.

Í dag eru í raun engir samningar í gildi hjá ASÍ, þeir runnu út 1. des. sl.. Ríkisstjórnin hefur tekið launamálin á vinnumarkaðinum yfir. Nú skipuleggur hún hve mikið arðránið er í þjóðfélaginu. Undir þeirri fölsku forsendu að hún sé að berjast gegn verðbólgu, lækkar hún stöðugt laun og skerðir kjör launafólks.

Verkföll og baráttan fyrir 8 stunda vinnudegi.

Yfirlýsing VSÍ er í sjálfu sér marklaus. Verkalýðsstéttin getur hvenær sem er neitt atvinnurekendur til að setjast að samningaborðinu og því er henni það í lófa lagið að hunsa slíka yfirlýsingu.

Yfirlýsingin er þó engu að síður athyglisverð í ljósi þess ástands sem nú ríkir. Hún sýnir að atvinnurekendur eru ekki óánægðir með óbreytt ástand í launamálum, því vilja þeir ekki nýja samninga. Þó vilja þeir "að samningar séu í heild opnir en ekki lögákveðnir að hluta". Það sýnir að þeir telja sig geta náð enn hagstæðari samningum við samningaborðið með sér hagstæðum verkalýðsforingjum og sér vinsamlegri ríkisstjórn.

Það ófremdarástand sem ríkir í málefnum launafólks verður að uppræta. Þetta ástand hefur skapast vegna samvinnu verkalýðsforingjanna við auðvaldið. Nú er mikilvægast fyrir verkafólk að sigrast á þessu bandalagi stéttasamvinnupáfanna og endurreisa stéttarfélögin sem baráttutæki fyrir markmiðum þess.

Baráttuna fyrir 40 stunda vinnuviku verður að taka upp af fullum krafti en hana hafa þeir algerlega svikið, æðstuprestarnir í ASÍ, VMSÍ og BSRB. Mætum samtökum atvinnurekenda á þeim grundvelli við samningaborðið, "í heild opnum samningum en ekki lögákveðnum að hluta", og með verkfallsvopnið reitt.


Guðmundur J Guðmundsson hlýðir á umræðu um fjárlagafrumvarpið á Alþingi.



Til starfs og baráttu 1. maí

Undirbúningsstarfið fyrir 1. maí er komið í fullan gang. Á föstudagskvöldið s.l. boðuðu stjórnir Baráttueiningar og Samfylkingar til liðsmannafundar. Þar voru settar á stofn 3 nefndir er vinna eiga ákveðin störf fyrir og á 1. maí. Ein nefndin á að annast starfrænan undirbúning göngunnar sjálfrar, önnur er skemmtinefnd sem á að sjá um innifund á 1. maí sem

framhald á síðu 2

Fréttir frá Vestmannaeyjum

SJÁ SÍÐU 3...

Grundvöllur Baráttueiningar



SJÁ SÍÐU 2...

Allt hækkar nema kaupið

Enn dynja yfir hækkanir vöruverðs þó ekki sé unnt að "kenna kauphækkunum" um.

Unnar kjötvörur hafa hækkað um 7-12%. Þar við bætist að álagning heild- og smásölu hefur hækkað. Sú hækkun leiðir til þess að vöruverð hækkar um 3-4%. Þessi hækkun leggst að sjálfsögðu á allar vörur.

Skammt er að minnast hækkunar rafmagns og hita og gjalda fyrir póst og síma,. útvarps og sjónvarps auk olíuhækkana. Framundan eru líka hækkanir. Það er til dæmis alveg öruggt að brátt fer að líða að því að tryggingarfélögin fái "hefðbundna" hækkun

Þannig er sama sagan alls staðar. Vöruverðið hækkar en kaup stendur í stað sem þýðir að sjálfsögðu lækkun kaupmáttar.

Það er þetta sem "vinstri" stjórnin kallar að "ná verðbólgunni niður". Hún ætlar að lækka verðbólgu sem nemur kaupinu og ná "viðunandi verðbólgustigi". Skjólstæðingar ríkisstjórnarinnar, atvinnurekendur, eiga á hinn bóginn að fá sinn gróða vel úti látinn á kostnað launafólks.

LEIÐARI

1. MAÍ

Nú nálgast sá dagur sem gerður hefur verið að alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins, 1. maí. Um gjörvallan heim safnast verkafólk saman þann 1. maí til að leggja áherslu á kröfur sínar.

Víðast hvar hefur þessi dagur verið tengdur róttækri verkalýðsbaráttu meira eða minna. Það á líka við hér á landi, en þó hefur um nokkurt skeið ekki mátt merkja neina róttækni í aðgerðum fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna. Fulltrúaráðið hefur undanfarið breitt hulu yfir markmið baráttu verkalýðsins. Það hefur fært baráttuna yfir á hættulausar leiðir fyrir auðvaldið. Aðgerðir þess á 1. maí gera ekkert annað en endurspegla stéttasamvinnu verkalýðsforystunnar við atvinnurekendur. Það notar fyrsta maí á sama hátt og aðra þætti í starfi verkalýðshreyfingarinnar til að þjóna persónulegri valdabaráttu. Feit embætti og auður eru orðin helstu markmið hæst settu verkalýðsforingjanna. Slík stefna hefur vissulega kallað fram andsvar af hálfu þeirra sem fylgja vilja verkalýðsstefnu.

Nú nokkur undanfarin ár hafa róttæk öfl innan verkalýðshreyfingarinnar staðið að aðgerðum á 1. maí undir ýmsum heitum. Á 1. maí í ár standa tvær stærstu hreyfingarnar "Baráttueining" og "Samfylking" að sameiginlegum aðgerðum. Þessar hreyfingar hafa áður staðið fyrir sjálfstæðum aðgerðum, en samvinnan nú gefur fyrirheit um öflugar baráttuaðgerðir gegn kjaraskerðingum, stéttasamvinnu og heimsvaldastefnu.

Í stefnugrundvelli "Baráttueiningar" kemur m.a. fram eftirfarandi:

"Eining, samstaða og skipulagning verkalýðsins sjálfs á grundvelli stéttabaráttunnar, er grundvöllur þess að hægt sé að hnekkja kjaraskerðingarsókn auðvaldsins og ríkisstjórnar þess. Í viðleitni sinni til að skapa þessa einingu hefur verkalýðurinn hvað eftir annað rekið sig á vegg þeirrar stéttasamvinnu sem forystumenn stærstu stéttarsamtakanna reka.

Það er stéttasamvinnan sem er sundrungaraflið í verkalýðshreyfingunni í dag og þeir sem hana reka eiga ekki skilið traust verkalýðsins heldur andstöðu hans."...."Á 1. maí 1979 verður að leggja sérstaka áherslu á að ekki verði hvikað frá þeirri stefnu að greidd verði lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku

Það er lífsnauðsyn verkalýðnum, vegna kjaramála, félags- og heilbrigðissjónarmiða, að geta framfleytt sér af dagv átt við frumvarpið í upphaflegri nnig krafa um m mynd þess, innsk. STB). a, réttinn til hvíldar, rettinn til samvista við fjölskylduna og réttinn til baráttu."

"Aðgerðirnar á 1. maí í ár verða að miðast gegn allri heimsvaldastefnu og þá sérstaklega gegn styrjaldarundirbúningi risaveldanna tveggja, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, sem nú ógnar heimsfriði."

..."Úrsögn Íslands úr NATO og brottför hersins eru brýn baráttumál sem leggja verður mikla áherslu á þann 1. maí nk.. Vera bandaríska hersins á Miðnesheiði og aðildin að NATO er ógnun við sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og þjónar eingöngu hagsmunum fjölþjóðaauðhringa og einstakra fjármálamanna hérlendis. Herstöðin er ekki til varnar landsmönnum né friði í heiminum heldur til varnar ítökum og áhrifum vestrænna heimsvaldasinna í hinum norðlæga heimshluta."

Kommúnistaflokkur Íslands skorar á allt framsækið fólk að taka þátt í aðgerðum Baráttueiningar og Samfylkingar.

Grundvöllur Baráttueiningar

Eftirfarandi er sá grundvöllur sem Baráttueining 1. maí lagði til vegna samfylkingarinnar á nk. 1. maí:

Á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins fylkir baráttufús verkalýður Reykjavíkur liði. Í ár eru allar líkur til að sameining náist milli þeirra tveggja hreyfinga, Baráttueiningar 1. maí og Samfylkingar 1. maí, sem staðið hafa að aðgerðum undanfarin ár. Aðgerðirnar nú verða að leggja höfuðáherslu á tvö baráttumál. Þau eru baráttan gegn stéttasamvinnunni í verkalýðshreyfingunni og gegn heimsvaldastefnu og stríðsfyrirætlunum risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

Eining, samstaða og skipulagning verkalýðsins sjálfs á grundvelli stéttabaráttunnar er grundvöllur þess að hægt sé að hnekkja kjaraskerðingarsókn auðvaldsins og ríkisstjórnar þess. Í viðleitni sinni til að skapa þessa einingu hefur verkalýðurinn hvað eftir annað rekið sig á vegg þeirrar stéttasamvinnu sem forystumenn stærstu stéttarsamtakanna reka. Það er stéttasamvinnan sem er sundrungaraflið í verkalýðshreyfingunni í dag og þeir sem hana reka eiga ekki skilið traust verkalýðsins heldur andstöðu hans. Þeir svíkja alþýðu landsins í dag með þjónkun sinni við auðvaldið eins og svo oft áður. Ríkisstjórnin þverbrýtur samningsrétt stéttarfélaganna og rænir launafólk umsömdu kaupi sínu. Þetta gerir ríkisstjórnin með þegjandi samþykki og stuðningi uppkeyptu verkalýðsforingjanna. Verkalýðnum er brýn nauðsyn á að taka höndum saman í baráttunni gegn stéttasamvinnustefnunni í verkalýðshreyfingunni og að afhjúpa svik sjálfskipaðra verkalýðspólitíkusa í Alþýðubandalaginu og Alþýðuflokknum. Þingflokkarnir 4, Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalagið, Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur, hafa myndað með sér samtryggingarkerfi til verndar borgaralega hagkerfinu á Íslandi - til verndar auðvaldsskipulaginu. Gegn ægivaldi þessara flokka verða aðgerðir verkalýðsstéttarinnar að beinast á 1. maí.

Baráttan fyrir afnámi auðvaldsskipulagsins og myndun sósíalísks Íslands verður ekki háð til sigurs nema verkalýðurinn taki stjórn stéttarfélaganna í sínar hendur og endurreisi þau sem virk baráttutæki. Hrekja verður svikula og einræðissinnaða verkalýðsforingja frá völdum í félögunum. Alræðisvald þeirra treður á lýðræðislegri uppbyggingu félaganna og lamar baráttukraft þeirra. Sameiginlegar aðgerðir Baráttueiningar og Samfylkingar verða að bera merki stuðnings síns við frelsishreyfingar í stríðshrjáðum löndum heimsins s.s. PLO í Palestínu og stjórn Kommúnistaflokks Kampútseu. Einnig stuðning við sósíalísku ríkin, sérstaklega baráttu Kína gegn styrjaldarhættunni.

Á 1. maí 1979 verður að leggja sérstaka áherslu á að ekki verði hvikað frá þeirri stefnu að greidd verði lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku. Það er lífsnauðsyn verkalýðnum, vegna kjaramála, félags-og heilbrigðissjónarmiða, að geta framfleytt sér af dagvinnunni einni saman. Þetta er þannig krafa um mannréttindi verkalýðnum til handa, réttinn til hvíldar, réttinn til samvista við fjölskylduna, réttinn til baráttu o.s.frv.. Stéttasamvinnupáfarnir hafa algerlega svikið baráttuna fyrir lífvænlegum dagvinnulaunum og hreinlega snúist gegn henni. Stefna þeirra er í átt til meiri þrældóms, lengri vinnudags, skertra lýðréttinda og aukins álags á verkalýðinn. Þannig hyggjast þeir vernda verðbólgugróða auðvaldsins, þ.e. að verkalýðurinn axli kreppubyrðar auðstéttarinnar. Sem dæmi um þessa stefnu er að verkalýðsforingjarnir stóru, styðja samningsbrot og kjara6ransstefnu ríkisstjórnarinnar, þeir styðja aukið vinnuálag í formi bónus-og akkorðskerfa, og ganga út frá því í samningum að launafólk eigi að lifa af eftir-og næturvinnu.

Breytum verkalýðshreyfingunni í baráttutæki í höndum verkalýðsins sjálfs.

Aðgerðirnar á 1. maí í ár verða að miðast gegn allri heimsvaldastefnu og þá sérstaklega gegn styrjaldarundirbúningi risaveldanna tveggja, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, sem nú ógnar heimsfriði. Bandaríkin eru voldugasta heimsvaldasinnaða ríkið í dag en auðvaldskerfi þeirra hefur lifað sitt "blómaskeið" og er nú í hrörnun og á undanhaldi. En hvarvetna þar sem Bandaríkin missa ítök sín, seilast sósíalheimsvaldasinnar Sovétríkjanna til valda. Sovétríkin eru ungt heimsvaldaríki og í vexti. Styrjaldarhættan stafar fyrst og fremst frá þeim. Það sannast best á valdatöku þeirra í Tékkóslóvakíu 1968 og á útþenslustefnu leppríkja þeirra, Kúbu og Víetnam, í Afríku og Suðaustur-Asíu. Væntanlegar

Úrsögn Íslands úr NATO og brottför hersins eru brýn baráttumál sem leggja verður mikla áherslu á, þann 1. maí nk.. Vera bandaríska hersins á Miðnesheiði og aðildin að NATO er ógnun við sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og þjónar einungis hagsmunum fjölþjóðaauðhringa og einstakra fjármálamanna hérlendis. Herstöðin er ekki til varnar landsmönnum né friði í heiminum heldur til varnar ítökum og áhrifum vestrænna heimsvaldasinna í hinum norðlæga heimshluta. Við krefjumst skilyrðislausrar úrsagnar Íslands úr NATO og brottfarar hersins af landinu.

Á 1. maí verður gengið undir kröfunni gegn allri kvennakúgun. Afstöðu sína til jafnréttis kynjanna verða sameiginlegar aðgerðir Bei. og Sf að byggja á því að kvennabarátta sé stéttabarátta. Nauðsynlegt er að skapa samstöðu verkakvenna og verkakarla í stéttabaráttunni. Það misrétti sem hér ríkir til starfs og launa er auðvaldinu einu í hag. Brýnustu hagsmunamál verkakvenna í dag er launajafnrétti og atvinnuöryggi. Stór liður í þessu tvennu er baráttan fyrir nægri og góðri dagvistun. Verkakonur hafa löngum verið lægst launaðar og búið við lítið atvinnuöryggi. Þessi sérstaka kúgun á konum vegna kynferðis þeirra á sér stéttarlegar orsakir og á hana ber að líta sem árás á verkalýðsstéttina í heild. Verkakarlafélög og verkakvenna félög verða að standa saman í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna.

Barátta námsmanna fyrir jafnrétti til náms og bættum kjörum er mikilvægur liður í framsækinni baráttu sem beinist gegn arðráni og kúgun auðvaldsins. Vegna launamisréttisins sem viðgengst í þjóðfélaginu eru námslán nauðsynleg og skilyrði fyrir jafnrétti til náms. Við styðjum eindregið baráttu námsmanna fyrir bættum kjörum, fyrir því að námslán nægi til framfærslu og að nám sé launað. Eftir að námi líkur eiga menntamenn ekki að þurfa að greiða aftur námslán af þurftarlaunum sínum.

Á 1. maí verður að nást sem víðtækust samvinna og sameining um þessi brýnustu hagsmunamál verkalýðsstéttarinnar.



ZAIRE framhald af síðu 3

Fyrir þá sem vorkenna íslensku útgerðarkapítalistunum að hafa misst tekjur og þurft að greiða vexti af tapinu er rétt að taka fram eftirfarandi: Í fyrsta lagi hefur skuldin margfaldast þannig að skuld sem fyrir þremur árum var 250 milljónir er nú komin upp í 500 milljónir. Í öðru lagi hefur Seðlabanki Íslands fyrir löngu hlaupið undir bagga með Sölusambandinu og öðrum útflytjendum.

Þegar upp er staðið hefur gróði SÍF stóraukist. Þessi gróði er aftur kominn frá seðlabönkum Zaire og Íslands. Þaðan er peningurinn kominn frá sparifjáreigendum þessara landa.

Að lokum má benda á að þetta dæmi getum við skoðað til hliðsjónar við heimsókn fulltrúa Alþjóðabankans til Íslands um jólin. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er einmitt undirsáti Alþjóðabankans.

Að halda eða sleppa stólunum

framhald af forsíðu

þá gífurlegu kjaraskerðingarsókn sem nú er farin.

Til að mæta þessu verður að sameina alla baráttusinna og sýna stéttasamvinnupáfunum að samstaða launafólks er sterkari en svik þeirra.

Sameining gegn kjaraskerðingum.

framhald af forsíðu

Til starfs og baráttu 1. maí

væntanlega verður í Háskólabíói, og þriðja nefndin sér um kynningu á aðgerðunum og útbreiðslu á pólitískum málstað þeirra.

Stjórnir Baráttueiningar og Samfylkingar boðuðu á sjötta tug félagasamtaka til samstarfs við sig á grundvelli þeirra aðalbaráttumála sem lögð verður áhersla á í aðgerðunum. Þau mál eru baráttan gegn auðvaldi, stéttasamvinnu og heimsvaldastefnu. Félagasamtökunum var boðið að senda fulltrúa sína til fundar við fulltrúa Bei. og Sf. á mánudaginn 9. apríl að Hótel Esju. Á þeim fundi skyldi endanlega ganga frá pólitískum grundvelli aðgerðanna og skipulagi þeirra. Niðurstöður þess fundar verða kynntar í næsta tbl. Stéttabaráttunnar.

Ljóst er að aðgerðirnar 1. maí nk. munu verða mjög kostnaðarsamar t.d. leigan á Háskólabíói og ef hingað til lands verður boðið manni frá Kampútseu en þann möguleika er nú verið að kanna. Því er mikilvægt að allir stuðningsmenn og velunnarar þeirrar pólitísku stefnu sem lögð er upp í aðgerðunum, leggi sitt af mörkum til þess að hægt sé að standa undir þeim fjárhagslega.

Mikið starf liggur fyrir fram að 1. maí. Stéttabaráttan hvetur menn til að láta skrá sig til starfa og hafa samband við eftirtalda menn:

Gísli, sími 19393.
Sumarliði, sími 23076.

Barnaleikrit Alþýðuleikhússins

Dufþakur

Oftar en einu sinni hefur í pistlum þessum verið getið sýninga Alþýðuleikhússins og ekki að ástæðulausu. Þær hafa margar hverjar verið mjög athyglisverðar og yfirleitt meiri ferskleiki einkennt þær en venja er hjá þessum "hefðbundnu" leikhúsum. Auk þess er alltaf gaman að sjá ný andlit á leiksviði. Enda er nú svo komið, að starfsemi Alþýðuleikhússins er orðin allt að því fastur liður í menningarlífinu, sem nýtur vaxandi vinsælda. Um tíma leit reyndar út fyrir að Alþýðuleikhúsið yrði að leggja upp laupana vegna fjárhagsörðugleika, en með stofnun sunnandeildarinnar færðist aftur fjörkippur í þessa starfsemi, þó efnahagsvandamálin séu engan vegin leyst þar fremur en annars staðar.


Jafnframt því sem Alþýðuleikhúsið hefur tekið til sýninga leikverk, er fjalla um vandamál þjóðfélagsins, um baráttu lítilmagnans í ranglátum heimi, hefur það lagt sérstaka rækt við barnasýningar. Að undanförnu hafa tvö slík leikrit verið í gangi hjá Alþýðuleikhúsinu: Vatnsberarnir eftir Herdísi Egilsdóttur og Nornin Baba Jaga eftir rússneskan höfund.

Það er eftirtektarvert, að starfsfólk Alþýðuleikhússins hefur ekki látið sér nægja að sýna þessi leikrit á sviðinu í Lindarbæ, heldur reynt að fara með þessar sýningar til barnanna. Þannig voru Vatnsberarnir fyrst sýndir í barnaskólum áður en sýningin var færð upp í Lindarbæ, og nú, þegar þetta er skrifað er ætlunin að flytja sýningar á Norninni Baba Jaga upp í Breiðholt. Það er vafalaust engin tilviljun, því þar er barnafjöldi meiri en í öðrum hverfum borgarinnar.

Vatnsberarnir og Nornin Baba Jaga eiga það ekki aðeins sameiginlegt að vera skemmtileg og hugmyndarík, heldur hafa þau ákveðinn boðskap að flytja. Vatnsberarnir taka það vandamál til meðferðar hvernig það sé að vera öðruvísi en aðrir. Í leikritinu er þessu dæmi aftur á móti snúið þannig við, að það er venjuleg manneskja, sem er öðruvísi en allir aðrir. Í augum vatnsberanna, fíflanna, hundasúrunnar og fleiri slíkra fyrirbæra í náttúrunni er hún eitthvert furðuverk, sem enginn hefur áður augum litið.

Nornin Baba-Jaga fjallar hins vegar um baráttu góðs og ills. Það þarf auðvitað ekki að spyrja að því, að nornin er fulltrúi hins illa, sem allir sameinast gegn. Í stuttu máli fjallar leikritið um bóndakonu, sem á þrjá uppkomna syni, en tveir þeirra hafa horfið á dularfullan hátt. Hún hefur verið að leita þeirra í skóginum í tvö ár þar til hún rekst á norn, sem hefur í sinni þjónustu skógarbjörn, hund og kött og tvær hænur. Nornin hefur breytt sonum hennar í tvo hlyni og segir leikritið frá baráttu bóndakonunnar og dýranna í skóginum til þess að frelsa synina úr álögum nornarinnar.

Það örlar aðeins á pólitík í þessu leikriti. (Æ, hjálpi mér nú allir heilagir, nú varð mér á í messunni. Pólitík í barnaleikriti. Ekki nema það þó.). Nornin er harðlega gagnrýnd fyrir að lifa á vinnu annara og sjálf segir hún einhverju sinni með fyrirlitningu: "Þið, þetta venjulega verkafólk."




Allt um það; þetta leikrit hefur líklega flest það, sem hægt er að bjóða börnum upp á; það er skemmtilegt og spennandi, að ógleymdu hugmyndaauðgi í allri uppfærslu þess.

P.S. Ég læt hér fylgja með teikningu, sem sonur minn gerði af þeim mönnum og dýrum, sem fram komu í Norninni Baba-Jaga

Fréttir frá Vestmannaeyjum

Stéttabaráttunni hefur borist 1.tbl. 1979 af Fréttabréfi verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum. Bréfið er fjölbreytt að efni að vanda.

Forsíðugreinin ber nafnið Ný ólög? Þar er lýst aðdragandanum að núverandi ríkisstjórn eftir að fyrrverandi stjórn hafði goldið viðeigandi afhroð fyrir að ráðast á samningsréttinn.





Síðan segir: "Framan af batt launafólk nokkrar vonir við að þessi stjórn ætlaði sér að leysa efnahagsöngþveiti það, sem forréttindastéttin hafði komið þjóðinni í, án þess að láta láglaunafólk taka á sig auknar byrðar.

1.september gekkst verkalýðshreyfingin undir það að eftirláta hluta þeirra kauphækkana, sem þá áttu að koma til framkvæmda, gegn niðurfellingu söluskatts á matvöru og niðurgreiðslum á landbúnaðarvöru.

Þann 1.desember gaf verkalýðshreyfingin enn eftir 3% af væntanlegri kauphækkun, ef hún fengi í þess stað félagslegar umbætur, sem hún gæti metið til jafns við skert kjör." Hér má bæta því við að líka voru gefin eftir 2% sem áttu að koma til góða í lækkun skatta. Skattar hafa hins vegar verið áætlaðir hærri.

Síðan segir eftirfarandi um félagsmálapakkann: "Lítið hefur launafólk enn séð koma upp úr félagsmálapakkanum, en þær fréttir er síast hafa út frá ríkisstjórninni benda til þess, að innihaldið verði ekki í samræmi við óskir verkalýðshreyfingarinnar. T.d. má nefna að kröfurnar um afnám eftirvinnu í áföngum á að hunsa. Í frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir afnámi eftirvinnu á föstudögum. Aðspurðir segja ráðherrar, að skiptar skoðanir séu á þessu máli innan verkalýðshreyfingarinnar, jafnvel hefur því verið fleygt að aðalandstæðingur þessarar kjarabótar láglaunafólks sé formaður Dagsbrúnar. Vonandi er þetta ekki rétt, því að ef svo væri hefði atvinnurekendum bæst óvæntur liðsauki."

Rétt er að benda á setninguna "án þess að láta láglaunafólk taka á sig auknar byrðar". Eðlilegra væri að orða þetta svo: "án þess að láta launafólk taka á sig auknar byrðar". Ríkisstjórnarflokkarnir og málpípur þeirra hafa einmitt básúnað það að ekki megi skerða laun hinna lægst launuðu. Ríkisstjórnin hefur hins vegar þegar skert laun allra og mest þeirra sem lægst hafa launin auk þess sem hún sjálf ákveður í hvert skipti hvað séu "lág" laun og hvað "há".

Verkakvennafélagið Snót mótmælir refsibónus

Í Fréttabréfinu eru einnig fréttir frá verkalýðsfélögunum.

Þar er m.a. sagt frá aðalfundi Verkakvennafélagsins Snótar. Þar kom til umræðu refsibónusinn sem samþykktur var til reynslu í Ísbirninum í Reykjavík og mótmæli urðu út af á Akranesi. "Snótarkonur voru sammála um að slíkt létu þær ekki bjóða sér, það væri næg refsing að vinna í upptöku, ef til vill stóran hluta úr degi og er auðsætt að ekki verður mikill bónus þann daginn".

Einnig er sagt frá samningum sem félagið gerði í byrjun í feb. fyrir starfsfólk sjúkrahúss, elliheimilis og barnaheimila. Samninganefnd hafði áður gengið frá samningum með fyrirvara en hann var felldur vegna þess að í millitíðinni hafði samist betur á Akranesi. Var áætlað að sættast ekki á minna en um samdist á Akranesi sem og tókst.

Meðal atriða í þessum samningi var að sumarfrí lengdist svo og veikindaleyfi. Grunnkaup hækkaði og álag einnig.

Meir en Geir

"Hvaða afleiðingar mun það hafa fyrir launafólk, ef frumvarp Ólafs Jóhannessonar verður samþykkt á Alþingi? (Hér er

Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar felur frumvarpið í sér 6,6% skerðingu miðað við 1.júní nk.. Það má þó fullt eins vel reikna með að upphæðin verði hærri, þar sem sú stofnun er frægari fyrir margt annað en að útreikningar hennar standist áætlun.

Með frumvarpi þessu á að afhenda atvinnurekendum rúma 20 milljarða af kaupi launafólks. Þetta er meira en Geir Hallgrímsson þorði að gera í sínu frumvarpi fyrir ári og að sjálfsögðu allt annað en launafólk ætlaðist til af þessari ríkisstjórn.

Það er líka táknrænt, að þetta er svipuð upphæð og verðlagsstjóri upplýsti, að heildsalaklíkan hefði haft af almenningi á árunum '76 og '77 með óhagstæðum innkaupum erlendis. Er nú röðin komin að útflytjendum að fá sinn hluta af ránsfengnum?"

Ofanrituð grein er úr Fréttabréfinu. Við hana má bæta að nú er í deiglunni að launa heildsölum innkaupin með því að hækka heildsöluálagninguna.

Það má líka benda á að sé rétt að frumvarp Óla Jó hefði haft 20 milljarða rán í för með sér þá er víst að núverandi útgáfa frumvarpsins mun hafa í för með sér a.m.k. 10 milljarða rán og raunar meira því ekki er gert ráð fyrir að nokkrar grunnkaupshækkanir verði á þessu ári, auk skerðinga á vísitölubótum.





Verslunarráð og efnahagsmálin.

Formaður Verslunarráðs Íslands hefur á takteinum "lausnir" á efnahagsvandanum.

Hún er einföld. Það á einfaldlega að afnema alla tolla og önnur aðflutningsgjöld á vörum til landsins en þessi gjöld eru nú um það bil 27% af verði vörunnar. (Takið eftir því að samkvæmt þessu fara um 70% til innlendra og erlendra kapítalista). En ef tollar eru lagðir niður missir ríkið umtalsverðar tekjur. Auk þess minnka tekjur heildsalanna vegna þess að álagning þeirra er í prósentum. En þeir kunna ráð við eins og sést síðar. En þessir háu herrar eru ekki lengi að bæta ríkinu tekjutapið. Það á að setja auðlindaskatt á útgerðina. til að vega upp á móti tekjutapi ríkisins.

Til að útgerðin fari ekki á hausinn verður að fella gengið og sú gengisbreyting yrði ekki sig eða flot eða hvað þetta heitir allt saman. Þetta yrði gengishrun.

En herrunum háu er alveg sama um þetta. Við gengisfellinguna stórhækka vitaskuld innfluttar vörur í verði. Þá er aftur kominn gróðinn sem heildsalar og kaupmenn töpuðu við niðurfellingu aðflutningsgjaldanna. Auk þess mundi samkeppnisaðstaða innlends iðnaðar batna. Allar vörur yrðu jafndýrar. Við þetta allt á svo að bætast frjáls álagning svo að heildsalar og kaupmenn fái aukagróða.

Dæmið gengur sem sagt upp að mati heildsalanna. Ríkið fær sitt, útgerðin sitt og þeir sjálfir sitt og launþegarnir borga brúsann í stórhækkuðu vöruverði.

Þeir eru kokhraustir milljarðaþjófarnir.

Alþjóðlegi kapítalisminn og Zaire.

Í nokkur á hefur ríkisstjórn Zaire átt í fjárhagsvandræðum. Vandræðin hafa verið það mikil að ekki hefur verið hægt að greiða erlendum kapítalistum fyrir innflutta vöru. Íslenskir kapítalistar, meðal annars SÍF, Sölusamband íslenkra fiskframleiðenda, hafa selt fisk til þessa lands og ekki fengið greitt fyrir.

Eftir langt öngþveiti í seðlabanka Zaire greip Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn til sinna ráða. Hann einfaldlega sendi mann til seðlabankans í Zaire. Hann tók til óspilltra málanna og endurskipulagði bankann. Nú standa málin þannig að ákveðinn hluti allra gjaldeyristekna ríkisins fari í að greiða erlendar skuldir. Þannig hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tekið að sér að reka zaireanska ríkið. Skuldirnar verða síðan greiddar á daggengi, þ.e. að þær greiðast á gengi þess dags sem þær eru gerðar upp. Erlendu kapítalistarnir fá allir sitt en íbúarnir í Zaire halda hins vegar áfram að svelta.

framhald á síðu 2

Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : KR.5000.-

BARÁTTU ÁSKRIFT : KR.7000.-

TIL ÚTLANDA : KR.13000.-

TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA : KR.500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
14. tbl. 8. árg. 10.4.1979

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Gegn samningamakki BSRB forystunnar

Nú er hafin áróðursherferð fyrir því að samningur stjórnar og samninganefndar BSRB við ríkisstjórnina verði samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslu.
Fundir eru haldnir um allt land til að útskýra samninginn. Í Reykjavík er fyrirhugað að halda litla fundi í hverju félagi fyrir sig. Með því móti kemur andstaðan síður í ljós þar sem hún er mismikil eftir félögum.
Stjórnin reynir líka að kæfa andstöðuraddir á fleiri vegu Til dæmis eru ekki birt í Ásgarði, blaði BSRB, mótmæli ýmissa félaga gegn samningunum.
Þess vegna verður að skipuleggja andstöðuna og koma á samstarfi milli þeirra aðildarfélaga sem hafa mótmælt samkomulaginu.

Fundirnir eru hugsaðir sem tæki forystunnar til að knýja samkomulagið í gegn. Þar er boðið upp á einhliða "útskýringar" en raddir andstæðinga samkomulagsins fá minna pláss
Þrátt fyrir að félögin sem hafa mótmælt samkomulaginu hafi sent stjórn BSRB mótmælin eru þau ekki birt í Ásgarði.
Sama er upp á teningnum í aðildarfélögunum. Stjórn og trúnaðarmannaráð Félags gagnfræðaskólakennara í Reykjavík sem er stærsta félagið í Landssambandi framhaldsskólakennara hefur til dæmis mótmælt samkomulaginu. Sú ályktun hefur hins vegar ekki fengist birt í Fréttabréfi Landssambandsins.

Að vernda ríkisstjórnina.

Forystu BSRB hefur bæst stuðningur þar sem forseti ASÍ er. ASÍ hótar nefnilega að fara út í kjarakröfur ef samkomulagið verður fellt. Þá er grundvöllur ríkisstjórnarinnar brostinn. Þetta á að hafa áhrif á stuðningsfólk ríkisstjórnarflokkanna meðal opinberra starfsmanna.
Það hlýtur að vera einsdæmi að forysta eins stéttarfélagasambands beiti sér fyrir því að samningar annars séu brotnir til að hún "þurfi" ekki að fara út í kjarabaráttu.
Þetta samkomulag færir ríkisstarfsmönnum lítinn ávinning í samningsréttarmálinu og að sumu leyti ákaflega vafasamann. Þegar þar við bætist að BSRB á enn þá inni "félagsmálapakka" upp á 3% frá 1. desember sést betur hvað hér er á ferðinni.
Það er stórhættulegt að stjórn stéttarfélags semji um að kauphækkun falli niður gegn því að fá einhver og oft óljós félagsleg réttindi.
Með þessu er hægt að ganga á alla gerða samninga án þess að stéttarfélögin geti rönd við reist ef aðeins er gefinn "félagsmálapakki".
Á hinn bóginn má segja að ríkisstjórn sem lætur allt hækka nema kaupið sé ekki þess virði að haldið sé í henni lífinu.

Makkið.

Afstaða forystu ASÍ sýnir ljóslega að hér er á ferðinni lítilmótlegt makk á bak við tjöldin.
Stjórn ASÍ samþykkti framlengingu samninga gegn því að þrjú prósentin yrðu ekki greidd.
Það var sem sagt ákveðið fyrir jól að þessi kauphækkun ætti ekki að koma til útborgunar.

Skipuleggjum andstæðinga samkomulagsins.

Að minnsta kosti fimm félög opinberra starfsmanna hafa sent frá sér mótmæli. Auk þess hefur fjöldi einstaklinga í öðrum félögum lýst sig mótfallna samkomulaginu.
Stjórn BSRB tekur hins vegar ekki minnsta tillit til þessara mótmæla en reynir þess í stað að knýja samningana í gegn og kæfa andstöðuna.
Þess vegna er mikið í húfi að það takist að skipuleggja og sameina alla andstæðinga samkomulagsins.
Færasta og áhrifaríkasta leðin til þess er að stjórnir félaganna sem hafa mótmælt samkomulaginu sameinist um aðgerðir.
Haldi til dæmis opinberan fund fyrir fólk úr öllum félögum innan BSRB og gefi jafnvel út blað þar sem sjónarmið andstæðinga samkomulagsins eru sett fram.
Með því móti er unnt að sameina alla sem eru andstæðir samkomulaginu.



Baráttufundur í Háskólabíó

Þann 31. mars héldu Samtök herstöðvaandstæðinga fund í Háskólabíó til að minnast þess að 30 ár eru liðin frá inngöngu Íslands í NATO. Þessi fundur einkenndist af miklum baráttuanda enda var troðfullt og þurftu margir að standa.
Fundurinn hófst með nokkrum lögum sem Heimavarnarliðið flutti undir stjórn Sigurðar Rúnars Jónssonar. Lög þessi voru ágætlega flutt og munu þau verða gefin út á hljómplötu. Ástæða er til að hvetja fólk til að verða sér úti um hana.
Aðalræðuna flutti Sveinn Skorri Höskuldsson og benti hann á stríðshættuna í heiminum og þá ógn sem íslendingum stafaði af herstöðinni ef til styrjaldar kæmi.
Síðan komu ráðamenn þjóðarinnar og sungu "með stjarfa hönd á pung". Þar á eftir var fluttur leikþáttur um baráttuna gegn hernum og þátt ýmissra þingmanna í henni. Að lokum flutti Heimavarnarliðið aftur nokkur lög og er þar eftirminnilegast lagið Fylgd við texta Guðmundar Böðvarssonar sem Pálmi Gunnarsson söng. Síðan lauk þessum fundi við mikil fagnaðarlæti áheyrenda/horfenda enda tókst hann í alla staði vel.
Þó skorti á að mannfjöldinn í salnum fengi tækifæri á að taka þátt í dagskrá fundarins t.d. með fjöldasöng, sem greinilega var grundvöllur fyrir.
Það vakti athygli að sölumenn tímarita og útgáfuefnis ýmiss konar voru allfjölmennir og þótti sumum nóg um. Það virtist nú samt vera nóg af fólki til að kaupa útgáfuefni þetta, t.d. má nefna það að sölumenn Stéttabaráttunnar seldu rúmlega 100 eintök af 13 tbl., sem helgað var baráttunni gegn hernum og NATO.

Fiskifræðingarnir Lúðvík og Matthías

Eins og kunnugt er hafa fiskifræðingar farið fram á að þorskveiði verði stöðvuð við 250.000 tonn í ár. Þeir benda á að megin uppistaðan í þorskveiðunum núna sé þorskur frá árinu 1973. Það hefur einmitt komið fram í fréttum að sá þorskur sé einstaklega vænn. Annar þorskur virðist einfaldlega ekki vera til, það er búið að veiða hann allan. Fiskifræðingar benda á að hrygningarstofninn sé um 200.000 tonn og byggist að mestu leyti á árganginum frá 1973. Það er enda búið að ganga svo nærri síðari árgöngum að lítið er á þeim að byggja.
Ef veitt verður meira en fiskifræðingar telja ráðlegt, mun það taka miklu lengri tíma að byggja upp stofninn vegna þess hve hrygningarstofninn minnkar mikið.
Þess vegna má búast við því að ef sókninni verður haldið jafn mikilli og hingað til þá muni stofninn hrynja í byrjun næsta áratugar og taka mun lengri tíma að byggja hann upp.
Sjávarútvegsráðuneytið setti í reglugerð í fyrra að veiða mætti 330.000 tonn, sem var meira en fiskifræðingar töldu ráðlegt þá. Nýlega setti ráðuneytið nýja reglugerð þar sem komið var til móts við núverandi tölur fiskifræðinga.
Þá risu upp tveir þingmenn og þeir krefjast meiri veiði. Báðir hafa þessir menn hagsmuna að gæta við útgerð þannig að ekki á að koma á óvart.
Að kröfu þeirra var sett á fót nefnd allra þingflokka til að gera tillögur um málið. Líkur benda til þess að hún vilji leyfa veiðar á rúmlega 300.000 tonnum.
Þannig hafa þessir tveir "fiskifræðingar" bundist samtökum og ýtt öllum ágreiningi til hliðar til að geta tryggt útgerðarmönnum hámarksgróða, án tillits til framtíðarinnar.

Áskrifendur athugið

Um þessar mundir stendur yfir innheimta áskriftargjalda fyrir 1978 eða þaðan af eldri gjöld og er ráðgert að henni verði að mestu lokið fyrir 1. júní nk.. Á Reykjavíkursvæðinu eru nú rukkarar á ferðinni og eru þeir áskrifendur sem enn skulda áskrift af fyrri árgöngum beðnir um að láta þá ekki bónleiða frá sér fara. Hins vegar verða yfirleitt sendir gíróseðlar til áskrifenda úti á landsbyggðinni svo og til áskrifenda erlendis. Fólk er beðið að borga skuldir sínar sem fyrst, enda er það þess hagur ekki síður en okkar að Stéttabaráttan fari batnandi. Nú er einmitt verið að vinna að því að bæta blaðið og eru sumar breytingarnar mjög fjárfrekar. Gert er ráð fyrir að byrjað verði að rukka fyrir árið 1979 í byrjun september. Sjáum við okkur ekki annað fært en að taka þá út af skrá sem þá skulda enn eldri gjöld.
Eins og tekið var fram í síðasta tbl. Stb, hafa áskriftagjöld verið hækkuð fyrir þetta ár. Kostar nú áskrift innanlands kr 5000, en baráttuáskrift kr 7000. Til öryrkja og ellilífeyrisþega kostar blaðið kr 500 á ári. Stefnt er að því að frá næstu áramótum verði rukkað inn mánaðarlega á Stór-Reykjavíkursvæðinu a.m.k., en áskrifendum úti á landi og erlendis verður gefinn kostur á ársfjórðungslegri rukkun, sem lækkar gjöldin hverju sinni.
Loks verðum við að hækka áskriftagjöld erlendis verulega eða í kr 13000. Þetta kemur til af því að útsending hvers blaðs kostar kr 150 á viku og sjáum við okkur ekki fært að borga



með blaðinu. Venjuleg áskrift er um 100 kr að jafnaði á hvert blað. Á ári verður þetta því:

(100+150)x 52=13000.-

Sláum við svo botninn í þetta spjall með því að ítreka enn að áskrifendur bregðist skjótt við eftir því sem efnahagur þeirra leyfir.
Áskriftagjöldin eru sá fjárhagsgrundvöllur sem Stéttabaráttan byggir á.

Áskrift

Ég undirrit aður/uð óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ______________________

Heimili: ______________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík